



GATFELLSSKÁLI, SKJALDBORG OG LAMBAHLÍÐAR

Skipulagslýsing deiliskipulags

14.06.2022



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3339-017-SKL-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir


EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	6
2.1	Náttúrufar	6
2.2	Þjóðlenda	6
2.3	Verndarsvæði	7
2.3.1	Svæði á náttúruminjaskrá	7
2.3.2	Vernd vatnasviðs Þingvallavatns	7
2.4	Fornminjar	7
3	GILDANDI ÁÆTLANIR	8
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
3.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	8
3.3	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	10
3.4	Deiliskipulög	11
4	DEILISKIPULAG	11
4.1	Gatfellsskáli í Bláskógabyggð	11
4.1.1	Fyrirhuguð uppbygging við Gatfellsskála	12
4.2	Skjaldborg í Bláskógabyggð	13
4.2.1	Fyrirhuguð uppbygging við Skjaldborg	14
4.3	Lambahlíðar í Grímsnes og Grafningshreppi	15
4.3.1	Fyrirhuguð uppbygging við Lambahlíðar	16
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	17
5.1	Matsskylda framkvæmda	17
5.2	Matsspurningar, viðmið og valkostir	17
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	19
6.1	Samráð	19
6.2	Skipulagsferli	19


1 INNGANGUR

Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð vinna að gerð deiliskipulaga fyrir fjallaselin Gatfells-skála, Skjaldborg og Lambahlíðar. Gatfells-skáli er í Bláskógabyggð en í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, Skjaldborg er í Bláskógabyggð og þar eru skálar í eigu beggja sveitarfélaga. Lambahlíðar eru í Grímsnes- og Grafningshreppi og eru skálar þar í einkaeigu.

Allir skálarnir eru innan svæðis á náttúruminjaskrá, Skjaldbreið nr. 740. Þar sem skálarnir eru allir skilgreindir sem fjallasel eru framkvæmdir ekki tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Gatfells-skáli er t.v. og Skjaldborg til hægri (innan rauðu hringjanna).



MYND 2. Hluti af Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 (sem er í staðfestingarferli). Lambahliðar er innan rauða hringsins.

1.1 Markmið

Með gerð deiliskipulags verður settur rammi um starfsemi á hverju svæði og framkvæmdir verða í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Markmið með gerð deiliskipulags eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóðir fyrir núverandi mannvirki og afmarka byggingareiti fyrir ný mannvirki.
- Setja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.
- Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd.
- Stuðla að áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu og atvinnutækifærum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Forsenda frekari uppbyggingar skálanna er að sveitarfélögin vilja setja ramma utan um starfsemi og þjónustu sem veitt er í skálum á hálendinu og viðhalda henni til framtíðar.

2.1 Náttúrufar

Gatfellsskáli

Gatfellsskáli er staðsettur á gróðurlitlu hraunasvæði. Mosi er hér og þar og einhverjir grastoppar. Á heildina litið er svæðið gróðursnautt. Vistgerðir á svæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar; mólendi, moslendi og hraunlendi. Gatfellsskáli er í jaðri Skjaldbreiðarhrauns, hann er eiginlega staðsettur milli hrauns og hlíðar og á því belti liggur einnig Eyfirðingavegur. Skjaldbreiðarhraun nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Skjaldborg

Skálinn Skjaldborg er staðsett á hálfgrónu hraunasvæði sem vaxið er mosa. Nokkur gróður er á svæðinu en einnig mörg rofsár. Vistgerðir á svæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar; mólendi, moslendi og hraunlendi. Skjaldborg er í Skjaldbreiðarhrauni. Skjaldbreiðarhraun nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lambahlíðar

Skálar við Lambahlíðar eru staðsettir á gróðursnauðu melasvæði. Vistgerðir á svæðinu eru skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar; eyðimelavist og grasmelavist. Á svæðinu er ekki að finna náttúruminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.2 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði

utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

2.3 Verndarsvæði

2.3.1 Svæði á náttúruminjaskrá

Gatfellsskáli, Skjaldborg og Lambahlíðar eru allir innan svæðis á náttúruminjaskrá, 740 Skjaldbreið og nágrenni.

Eftirfarandi texti er í náttúruminjaskrá: „Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell, þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell, þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s“.

Ekki er gert ráð fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á hverjum stað og því ekki talið að hún ein og sér skerði víðerni.

2.3.2 Vernd vatnasviðs Þingvallavatns

Gatfellsskáli, Skjaldborg og Lambahlíðar eru innan vatnasviðs Þingvallavatns.

Verndun vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spilt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Ráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.

Vatnsverndun á landinu skal ekki standa í vegi fyrir því að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparnot af nytjalandi sínu, nema ráðherra telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spilt.

2.4 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram. Engar þekktar minjar eru innan svæðanna.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal hafa samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi framkvæmdum áfram og með hvaða skilmálum.

3 GILDANDI ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:

- Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálendið og í jaðri þess.
- Hálendismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálendið.
- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.
- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins“.

3.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 eru Gatfellsskáli og Skjaldborg á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Nýting núverandi fjallaskála verði eflað.
- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.
- Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.

- Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.
- Afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála á hálendinu.

Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálendinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Á hálendinu skal gera ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gist í húsi á hverjum stað, nema annað sé tekið fram.

Á hálendinu er almennt gert ráð fyrir að svæði fyrir fjallasel séu á bilinu 0,5-3 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hesthús verði færð fjær gistiskálum (t.d. 500 m) til að skapa meira svigrúm, þetta hefur þó engin áhrif á byggingarmagn á hverjum stað.

TAFLA 1. Umjöllun úr aðalskipulagi um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
AF8	Gatfellsskáli	Fjallasel. Gagnamannahús norðan Lágafells. Gistipláss fyrir 16 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur
AF9	Skjaldborg	Fjallasel. Skáli við Tindaskagahorn SA Skjaldbreiðar. Gistipláss fyrir 12 manns. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur

Hálendið

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstrartíma til að leita þar skjóls“

Verndarsvæði og minjar

Eftirfarandi markmið eru í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði og minjar:

- Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.
- Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu.

3.3 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, (sem er í staðfestingarferli) eru skálar við Lambahlíðar á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu.

Hálendið

Eftirfarandi stefna er í aðalskipulagi:

- „Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta kröfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verða lóðir fyrir skála á afréttinum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu eða eftirlit.
- Við skála á afréttinum er heimilt að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, eða sólarsellur á eða við hús, til að sjá staðnum fyrir raforku.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera lágrest, látlaus og nota skal byggingar efni sem þarfnast lítills viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi“.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRÐ
AF52	Lambahlíðar	Svæðið er við Lambafell undir Stóra-Björnsfelli. Gert er ráð fyrir allt að 6 skálum og þegar hafa verið byggð 2 hús (Svalaríki og Tröllaríki). Hús geta verið á 1-2 hæðum, stærð hvers húss er allt að 50 m ² og gístiaðstaða fyrir 5-10 manns í hverju húsi. Svæðið er fjallasel skv. landsskipulagsstefnu.	Afréttur

Verndarsvæði

Allt land afréttarins er undir hverfisvernd. Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Forðast skal að raska vistgerðum, með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallaskála, gangnamannaskála, neyðarskýli, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum um slíkar byggingar í aðalskipulagi og í samræmi við deiliskipulag.
- Að uppbygging tryggi viðhald náttúrulegs yfirbragðs svæða:
 - Ekki er heimilt að koma upp mannvirkjum sem hafa óafturkræf umhverfisáhrif eða hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins í heild.
 - Heimilt er að halda við þeim vegum, göngustígum og reiðleiðum sem fyrir eru og leggja nýja og útbúa útsýnisstaði þar sem þörf er á að grípa til aðgerða og/eða til að forðast skemmdir og ágang á landi.
- Víðerni á afréttinum eru sett undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

TAFLA 2. Hverfisverndarsvæði á afrétti.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV27	Stóra-Björnsfell og hálendið í nágrenni Skjaldbreiðar	Nær ósnortið svæði í námunda við Skjaldbreið sem er hluti óbyggðra víðerna hálendisins. Merkar menningarminjar og saga er í Þórisdal. Svæðið nýtur einnig vatnsverndar skv. reglugerð 796/1999. Hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar verða áfram heimilar. Hluti svæðis er á náttúruminjaskrá (740).

3.4 Deiliskipulög

Ekki eru í gildi deiliskipulög fyrir skálana.

4 DEILISKIPULAG

Gerð verður grein fyrir núverandi mannvirkjum og fyrirhugaðri uppbyggingu á hverjum stað fyrir sig.


Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal halda svæðinu sem snyrtilegustu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf. Ef útilýsing er á staðnum skal hún vera lágstemmd og ljósi beint niður.

4.1 Gatfellsskáli í Bláskógabyggð

Gatfellsskáli er við Eyfirðingaveg, norðan við samnefnt fell. Skálinn var byggður af Grímsnes- og Grafningshreppi árið 1980 og hesthús árið 1990. Staðurinn er skráður í Þjóðskrá, landnr. 170151. Stærð lóðar er skráð 2.500 m². Innan hennar er 33 m² skáli og 61 m² hesthús. Gisting er fyrir 16 gesti. Umfang staðarins er fremur lítið og hann er helst nýttur af hestahópum sem leið eiga hjá yfir sumartímann. Einnig af smölum á hverju hausti.

Ekkert vatnsból er við skálann og er regnvatni safnað sem drykkjarvatni fyrir hross. Neysluvatn er flutt úr byggð. Vegna vatnsleysis er kamar á staðnum.

Aðkoma að Gatfellsskála er af Kaldadalsvegi og um Eyfirðingaveg. Vegurinn opnast þegar snjóá leysir á vorin og land er orðið þurr. Eyfirðingavegur er einungis fær jeppum og því er ekki um mikla bílaumferð að ræða. Eitthvað er um að þessi leið sé farin á fjallahjólum.



MYND 3. Yfirlitsmynd yfir mannvirki. Hesthús t.v. og skáli t.h.

4.1.1 Fyrirhuguð uppbygging við Gatfellsskála

Afmörkuð verður ein lóð fyrir öll mannvirki og áningarhólf fyrir hesta. Heimilt er að stækka skálann úr 33 m² í 100 m² eða byggja nýjan allt að 100 m² skála. Gisting getur verið fyrir 20 gesti. Heimilt er að nýta skálann allt árið.

Heimilt er viðhald á hesthúsi og að vera með eitt til tvö hestagerði við það. Ekki er heimilt að beita hrossum á svæðinu heldur skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna. Afgangs hey skal notað til uppgræðslu rofsvæða á staðnum.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gæta skal samræmis í útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Í deiliskipulagi verður skoðað hvort hægt sé að staðsetja mögulegt vatnsból, ekki verður um umfangsmikla starfsemi að ræða og því ekki mikil vatnspörf. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Heimilt er að vera með vatnssalerni í skála. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Ef ekki er unnt að vera með vatnssalerni og rotþró skal nýta aðrar umhverfisvænar lausnir sem vernda umhverfið jafn vel, skal

slík útfærsla unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Samkvæmt gr. 13.5 í reglugerðinni er heimilt að vera með þurrsalerni þar sem fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Heimilt er að framleiða rafmagn á staðnum og nota til þess allt að 10 kV vindrafstöð eða sólarsellur.

4.2 Skjaldborg í Bláskógabyggð

Á staðnum eru tveir skálar, kallast annar Kerling og hinn Skjaldborg. Skálarnir eru norðan við Tindaskaga. Í heildina eru fjórir skálar á staðnum, tveir gistiskálar og tvö hesthús, auk salernishúss/kamars og lítils kofa. Umfang staðarins er fremur lítið og hann er helst nýttur af hestahópum sem leið eiga hjá yfir sumartímann. Einnig af smölum á hverju hausti.

Einn skáli er byggður 1997 (Kerling), stærð um 19 m², landnr. 179591. Skáli í eigu Bláskógabyggðar.

Þrjú hús eru skráð á landnúmerið 170152. Fjallaskáli (Skjaldborg) byggður 1980, stærð um 24 m². Hesthús byggt 1950, stærð 54 m². Hesthús byggt 2016, stærð um 88 m². Húsin eru í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Eitt hús er skráð á landnúmerið 168225. Í Þjóðskrá kallast hann Dalabúð, byggður 1970 og er 6 m². Ekki er skráður eigandi hússins í Þjóðskrá.

Aðkoma er af Eyfirðingavegi. Vegurinn opnast þegar snjóá leysir á vorin og land er orðið þurrt. Eyfirðingavegur er einungis fær jeppum og því er ekki um mikla bílaumferð að ræða. Eitthvað er um að þessi leið sé farin á fjallahjólum.



MYND 4. Yfirlitsmynd yfir mannvirki.

4.2.1 Fyrirhuguð uppbygging við Skjaldborg

Afmarkaðar verða þrjár lóðir fyrir mannvirki. Ein fyrir sitt hvorn skála og ein fyrir hesthús. Heimilt er að nýta skála allt árið.

Gisting getur í heildina verið fyrir 40 gesti og hámarks byggingarmagn 200 m², auk hesthúss. Val er um hvort núverandi skálar verða stækkaðir/endurbyggðir eða hvort byggt verður sameiginlega eitt hús.

Skálinn Skjaldborg. Heimilt verður að stækka skálann úr 24 m² í 100 m² eða byggja nýjan allt að 100 m² skála. Gisting getur verið fyrir 20 gesti.

Skálinn Kerling. Heimilt verður að stækka skálann úr 19 m² í 100 m² eða byggja nýjan allt að 100 m² skála. Gisting getur verið fyrir 20 gesti.

Hesthús. Heimilt er viðhald á hesthúsi sem byggt var árið 2016 og að vera með eitt til tvö hestagerði við það. Reiknað er með að eldra hesthús verði rifið. Ekki er heimilt að beita hrossum á svæðinu heldur

skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna. Afgangs hey skal notað til uppgræðslu rofsvæða á staðnum.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds. Gæta skal samræmis í útliti og litavali allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir mögulegu vatnsbóli, ekki verður um umfangsmikla starfsemi að ræða og því ekki mikil vatnspörf. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Heimilt verður að vera með vatnssalerni í hverjum skála og skal fráveita vera sameiginleg ef náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, með síðari breytingum. Samkvæmt gr. 13.5 í reglugerðinni er heimilt að vera með þurrsalerni þar sem fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Heimilt er að framleiða rafmagn á staðnum og nota til þess allt að 10 kV vindrafstöð eða sólarcellur. Ef rafmagn er framleitt með vindrafstöð skal hún samnýtt fyrir alla skála.

4.3 Lambahlíðar í Grímsnes og Grafningshreppi

Við Lambahlíðar, sunnan undir Stóra-Björnsfelli, eru tveir skálar sem ekki eru skráðir í Þjóðskrá, um 300 m eru á milli skálanna. Kallast þeir Svalaríki og Tröllaríki. Skálarnir eru í einkaeigu og einkum nýttir í tengslum við jeppa- og vélsleðaferðir á veturna. Einhver nýting er yfir sumartímann. Í skýrslu Skipulagsstofnunar (2018), Mannvirki á miðhálandinu, eru skálarnir sagðir samtals 87 m² og byggðir á árunum 1991-1994. Þar er ekki vatnsból en kamar er við skálana.

Aðkoma að skálunum er af Skjaldbreiðarvegi norðvestan Skjaldbreiðar. Ætla má að umferð sé fremur lítil.



MYND 5. Yfirlitsmynd yfir mannvirki. Tröllaríki t.v. og Svalaríki t.h.

4.3.1 Fyrirhuguð uppbygging við Lambahlíðar

Afmörkuð verður sitt hvor lóðin fyrir núverandi skála. Í aðalskipulagi er heimild fyrir fjóra skála til viðbótar og verða afmarkaðar lóðir fyrir þá og skilgreindar byggingarheimildir. Á hverri lóð er heimilt að hafa allt að 50 m² hús og gistingu fyrir allt að 10 manns. Heimilt verður að viðhalda eða endurnýja núverandi skála.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gæta skal samræmis í útliti og litavali allra bygginga á svæðinu. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir öflun neysluvatns. Ekki er gert ráð fyrir mikilli vatnspörf. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Heimilt er að vera með vatnssalerni í skálum. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Samnýta skal fráveitu og rotþrær eftir því sem hægt er. Tryggja skal gott aðgengi til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Samkvæmt gr. 13.5 í reglugerðinni er heimilt að vera með þurrsalerni þar sem

fráveitum verður ekki við komið eða þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

Heimilt er að framleiða rafmagn á staðnum og nota til þess allt að 10 kV vindrafstöð eða sólarcellur. Ef rafmagn er framleitt með vindrafstöð skal hún samnýtt fyrir alla skála.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Við mat á umhverfisáhrifum er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Þar eru umhverfisáhrif skilgreind sem: „*Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta*“¹. Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

5.1 Matsskylda framkvæmda

Uppbygging skála innan verndarsvæða er tilkynningarskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu. Stefnan fellur undir lið 12.30 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 121/2021. „*Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis*“ falla undir lið B. Framkvæmdir kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki hvort háðar skuli umhverfismati skv. lögnum.

Þar sem um er að ræða fjallasel falla skálarnir ekki undir lið B í lögnum.

5.2 Matsspurningar, viðmið og valkostir

Uppbygging verður í samræmi við stefnu í aðalskipulagi. Því er líklegt að núverandi ástand á hverjum stað (núll kostur) verði borið saman við heimildir til uppbyggingar skv. aðalskipulagi.

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

¹ (Skipulagsstofnun 2007).

TAFLA 3. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<p>Land og landslag <i>Landslag. Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð. Jarðmyndanir. Jarðvegur – jarðvegsrof. Viðerni. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i></p>	<p>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Unnið verði að uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistarmöguleika. • Byggingar skulu vera lágreistar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi milli bygginga á hverjum stað, þar sem það á við. • Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. <p>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> • Byggingar skulu vera lágreistar og falla vel að landi, gæta skal samræmis milli húsa. • Nýting núverandi fjallaskála verði eflid. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. • Skipulag byggðar og landnotkunar varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað. • Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. 	<p>Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Skerðir stefnan víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?</p>
<p>Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i></p>	<p>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sérstaklega skal hugað að þeim þáttum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. <p>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> • Unnið verður að sjálfbærri gróðurframvindu og endurheimt náttúrulegra vistkerfa. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við stefnuna.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?</p>
<p>Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i></p>	<p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi. 	<p>Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?</p>
<p>Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar.</i></p>	<p>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta þörfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi. <p>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bæta aðstöðu í skálum til að mæta auknum kröfum gesta. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ferðaþjónusta: Uppbygging stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. 	<p>Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?</p>
<p>Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Hverfisvernd. Fornminjar.</i></p>	<p>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. <p>Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar, menningarminja og sögu. 	<p>Hefur stefnan áhrif á verndar-svæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillögur verða í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna tveggja. Deiliskipulagstillögur verða kynntar og auglýstar í samræmi við gr. 5.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulagslýsing og deiliskipulagstillögur verða sendar til eftirtalinna umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Brunavarnir Árnassýslu
- Vegagerðin
- Forsætisráðuneytið
- Náttúrufræðistofnun Íslands

6.1 Samráð

Á vinnslutíma munu deiliskipulagstillögur verða kynntar bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn. Haft verður samráð við eigendur og rekstraraðila á viðkomandi svæðum. Samráð verður haft við Forsætisráðuneytið þar sem skálar eru innan þjóðlendu.

6.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing og deiliskipulagstillögur verða auglýstar og kynntar skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

